



MINNISBLAÐ

Móttakandi: Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Stykkishólmsbæjar.
Varðandi: Stýrihópur um myndun framtíðarsýnar fyrir bæjarhátíðir í Stykkishólmi.
Málsnúmer: 1901038.
Dags.: 16. apríl 2020.
Málefni: Samantekt um forsögu og málavexti vegna umfjöllunar um framtíðarsýn fyrir bæjarhátíðir í Stykkishólmi (Danskir dagar).

Minnisblað þetta er unnið að beiðni formanns atvinnu- og nýsköpunarnefndar Stykkishólmsbæjar til upplýsinga fyrir nefndina um vinnu sem innt var af hendi í tengslum við framtíðarsýn fyrir bæjarhátíðir í Stykkishólmi og aðkomu bæjarins að þeim. Málefnið var tekið til umfjöllunar á síðasta ári í fastanefndum bæjarins og bæjarstjórn, eftir að stýrihópur um myndun framtíðarsýnar fyrir bæjarhátíðir í Stykkishólmi lauk störfum.

Markmið minnisblaðs þessa að gera stuttlega grein fyrir forsögu málsins, helstu málavöxtum og afgreiðslum fastanefnda og bæjarstjórnar á síðasta ári, ásamt því að gera bókunum bæjarfulltrúa við afgreiðslu málsins skil, til þess að auðvelda nefndarmönnum yfirsýn.

1. SKIPUN STÝRIHÓPS UM MYNDUN FRAMTÍÐARSÝNAR FYRIR BÆJARHÁTÍÐIR Í STYKKISHÓLMI

Forsaga málsins er sú að bæjarstjórn skipaði í janúar 2019, í samræmi við tillögu Þóru Stefánsdóttur og Hrafnhildar Hallvarðsdóttur, bæjarfulltrúa, að skipa stýrihóp til að móta stefnu um bæjarhátíðir í Stykkishólmi og aðkomu bæjarins að þeim. Í stýrihópinn voru skipaðir Jón Sindri Emilsson, Gísli Sveinn Gretarsson og Ingveldur Eyþórsdóttir.

Helsta hlutverk hópsins var að kanna viðhorf bæjarbúa til slíkra hátíða, meta samfélagsleg áhrif þeirra, efnahagslegan ávinning og þá arfleifð sem þær skila samfélaginu. Auk þess að gera tillögu að framtíðarfyrirkomulagi/framtíðarstefnu slíkra hátíða, greina og móta markmið þeirra og útfæra aðkomu bæjarins að þeim.

Nefnin lauk störfum í júní 2019 og skilaði skýrslu til bæjarstjórnar ásamt fylgigögnum sem lekin var til umfjöllunar í bæjarráði og bæjarstjórn og var skýrslunni vísað m.a. til umsagnar í safna- og menningarmálanefnd.



2. UMFJÖLLUN OG TILLAGA SAFNA- OG MENNINGARMÁLANEFNDAR

Í umfjöllun safna- og menningarmálanefnd kom fram að nefndin taldi skýrslu stýrihóps um myndun framtíðarsýnar fyrir bæjarhátíðir í Stykkishólmi gefa gagnlega mynd af stöðunni og skapa góðan umræðugrundvöll um framtíð þessara mála, sér í lagi Danskra daga. Samkvæmt skýrslunni virðist það vera einna helst Danskir dagar sem þarfnist endurskoðunar og tók safna- og menningarmálanefnd undir það sjónarmið starfshópsins. Á fundum sínum taldi safna- og menningarmálanefnd því þörf á að endurskilgreina aðkomu Stykkishólmsbæjar að Dönskum dögum, enda hafi þunginn af hátíðinni hvílt í meginatriðum á herðum bæjarins og hafi aðkoma bæjarins verið að aukist frá ári til árs.

Niðurstaða safna- og menningarmálanefnd, eftir umfjöllun sína um málið á funum sínum, að breyta mætti núverandi aðkomu Stykkishólmsbæjar að Dönskum dögum, t.d. þannig að aðkoma bæjarins með beinum fjárstyrkjum ætti að vera annað hvert ár, þá á móti Norðurljósahátíðinni, og þá mætti taka tímasetningu Danskra daga til endurskoðunar, t.d. mætti halda Danska daga þriðju helgina í júní (sumarsólstöðuhátíð og danska Sankt Hans aften hátíðin).

3. UMFJÖLLUN OG TILLAGA BÆJARRÁÐS

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar tók undir með afgreiðslu safna- og menningarmálanefndar um að tilefni sé til þess að endurskilgreina aðkomu Stykkishólmsbæjar að Dönskum dögum og að breyta megi núverandi fyrirkomulagi að hátíðinni. Þá tók bæjarráð undir hugleiðingar safna- og menningarmálanefndar um að aðkoma bæjarins með beinum fjárstyrkjum ætti að vera annað hvert ár, þá á móti Norðurljósahátíðinni, og að færa megi tímasetningu Danskra daga til dagana í kringum 21. júní. Tók ráðið fram að þetta hefði það í för með sér að Danskir dagar yrðu ekki haldnir með beinum fjárstyrkjum frá bænum á árinu 2020, heldur einungis Norðurljósahátíðin, en Danskir dagar yrðu samt sem áður á hefðbundnum tíma (þriðju helgina í ágúst 2020) þó svo að frumkvæði að dagskrá, viðburðum og öðru í kringum Danska daga á næsta ári þyrftu að koma frá íbúum og/eða fyrirtækjum. Bæjarráð tók hins vegar fram að á árinu 2021 myndi bærinn koma svo að Dönskum dögum sem gætu verið haldnir í kringum 21. júní með beinum fjárstyrk sem ákveðin yrði í fjárhagsáætlun 2020.

Í ljósi framangreinds lagði bæjarráð til við bæjarstjórn að Stykkishólmsbær komi að Dönskum dögum með beinum fjárstyrkjum annað hvert ár, fyrst á árinu 2021, og tímasetning þeirra gæti verið í kringum 21. júní 2021, en árið sem Norðurljósahátíðin er haldin getur verið haldinn svokallaður Dönsku daga-bútur þar sem ekki kemur til beinna fjárstyrkja frá Stykkishólmsbæ heldur, ef hátíðin verður haldin þau ár, verður það á forsendum íbúa og/eða fyrirtækja án beinna fjárstyrkja frá Stykkishólmsbæ.



4. AFGREIÐSLA BÆJARSTJÓRNAR

Á 383. fundi bæjarstjórnar, 12. desember 2019, samþykkti að lokum bæjarstjórn tillögu bæjarráðs, í samræmi við umfjöllun og tillögu frá safna- og menningarmálanefnd, að Stykkishólmsbær komi að Dönskum dögum með beinum fjárstyrkjum annað hvert ár, fyrst á árinu 2021, og tímasetning þeirra gæti verið í kringum 21. júní 2021, en árið sem Norðurljósa hátíðin er haldin getur verið haldinn svokallaður Dönsku daga-bútur þar sem ekki kemur til beinna fjárstyrkja frá Stykkishólmsbæ heldur, ef hátíðin verður haldin þau ár, verður það á forsendum íbúa og/eða fyrirtækja án beinna fjárstyrkja frá Stykkishólmsbæ.

Minnisblað þetta skoðast sem samantekt til upplýsinga fyrir atvinnu- og nýsköpunarnefnd Stykkishólmsbæjar vegna fyrirhugaðrar umfjöllunar um málið á fundi nefndarinnar, sem vonandi veitir nefndinni heilstæða yfirsýn yfir málsmeðferð og ákvarðarnir sem teknar voru á á árinu 2019 í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,
Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar